

## Aðferðarfræði við framkvæmd tvíþátta mikilvægismats

Við greiningu og mat á sjálfbærnitengdum áhrifum, fjárhagslegri áhættu og tækifærum voru ESRS staðlarnir hafðir að leiðarljósi ásamt leiðbeiningum Evrópsku ráðgjafanefndarinnar um reikningsskil (EFRAG).

Framkvæmd matsins hófst með undirbúningi þar sem lagður var grunnur að matinu með kortlagningu á virðisdeðu félagsins og samantekt nauðsynlegra gagna, m.a. sjálfbærniupplýsinga, fjárhagsupplýsinga, hagaðilakönnunar og upplýsinga um aðgerðir félagsins. Þá voru mismunandi framtíðarsviðsmyndir skoðaðar og listi útbúinn með hugsanlegum áhrifum, áhættum og tækifærum í starfsemi Haga.

Sérstaklega var horft til ákveðinna rekstrarþátta, viðskiptasambanda og aðfangakeðja þar sem talin var aukin hættu á neikvæðum áhrifum á umhverfi eða fólk. Jafnframt var lagt mat á hversu háð starfsemi félagsins er tilteknum aðföngum, vistkerfum og hagaðilum, þ.m.t. eigin mannauði og neytendum, og hvernig slíkir þættir geta haft áhrif á fjárhagslega áhættu og tækifæri.

Í framhaldinu voru haldnar vinnustofur, bæði með lykilstarfsfólki Haga og dótturfélaga. Lögð var áhersla á að þátttakendur hefðu sem fjölbreyttasta reynslu og þekkingu til þess að auðga matið. Markmið þessara vinnustofa var tvíþætt. Annars vegar að greina og koma auga á áhrif, áhættur og tækifæri, og hins vegar að meta mikilvægi þeirra út frá skilgreindum viðmiðum. Alls var mat lagt á 76 atriði og töldust 46 þeirra ná upp fyrir mikilvægisþröskuld.

Niðurstöður matsins hafa verið staðfestar af forstjóra og fulltrúum framkvæmdastjórnar Haga, og kynntar fyrir stjórn félagsins. Ábyrgð á matsferlinu liggur hjá forstöðumanni sjálfbærni, sem heldur utan um verkefnastjórn og skráningu allra upplýsinga sem tengjast matinu. Í upphafi ársins 2025 var Deloitte fengið til að gera frumathugun á mikilvægismatinu og var niðurstaðan einkum sú að matið væri vel unnið og aðferðarfræði þess í samræmi við ESRS. Um er að ræða lífandi mat sem er endurskoðað árlega með hliðsjón af aðstæðum og fyrirbyggjandi gögnum á hverjum tíma.

Niðurstöður tvíþátta mikilvægismats leggja grunn að langtímaforgangsröðun verkefna og stefnumótun Haga í tengslum við sjálfbærni.

### Áhrif

Áhrif Haga á umhverfi eða fólk geta ýmist verið raunveruleg eða hugsanleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðisdeðu félagsins. Við mat á því hvort áhrif félagsins í tengslum við framangreinda efnisflokka teljast „mikilvæg“ er horft til þess hversu mikil, hversu víðtæk og hversu óbætanleg þau eru. Ef um hugsanleg áhrif er að ræða, er jafnframt tekið inn í myndina hversu líklegt sé að áhrif komi fram.

Við mat á mikilvægi áhrifa er einkunn gefin í samræmi við eftirfarandi töflu:

Matsþáttur	1 – Óverulegt / Á ekki við	2 - Lágt	3 – Miðlungs	4 – Hátt	5 – Mjög hátt
Hversu mikil eru áhrifin (e. scale)	Engin eða hverfandi	Lítill	Nokkur	Mikil	Veruleg
Hversu víðtæk eru áhrifin (e. scope)	Staðbundin	Lítið útbreidd	Nokkuð víðtæk	Mjög víðtæk	Algjör áhrif
Óbætanleiki (e. remediability)	Auðbætanleg	Bætanleg með markvissum aðgerðum	Erfiðleikum háð	Mjög erfitt að bæta úr	Óbætanleg
Líkindi	Mjög ólíklegt	Frekar ólíklegt	Nokkuð líklegt	Mjög líklegt	Fullvisst / Þegar komin fram

Niðurstaða um mikilvægi áhrifa eða hugsanlegra áhrifa er fengin með því að leggja saman einkunn þeirra þriggja þátta sem skilgreina alvarleika (hversu mikil, hversu víðtæk og óbætanleiki), deila niðurstöðunni með þremur (eða

jafnmörgum þáttum og eiga við) og margfalda með einkunn fyrir líkindi. Ef um raunveruleg áhrif er að ræða er niðurstaðan margfölduð með 5.

Eftirfarandi einkunnaviðmið voru notuð til þess að ákvarða mikilvægi: **Óverulegt/Á ekki við (0-5), Lágt (6-10), Miðlungs (11-15), Hátt (16-20) og Mjög hátt (21-25).**

**Undantekning:** Sé hugsanlegum áhrifum gefin einkunn fyrir alvarleika sem námundast að 5 teljast áhrifin mikilvæg burtséð frá líkindamati. Sama á við ef sá undirlíður fyrir alvarleika sem fjallar um hversu mikil áhrifin eru (e. scale) fær einkunnina 5.

### Fjárhagsleg áhætta og tækifæri

Við greiningu á fjárhagslegri áhættu í tengslum við sjálfbærni er horft til atriða sem geta haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á félagið, s.s. leitt til samdráttar í tekjum, aukins kostnaðar, skerts aðgangs að fjármagni, hærri fjármögnunarkostnaðar og/eða minni áhuga frá fjárfestum. Við mat á fjárhagslegum tækifærum er svo aftur á móti horft til atriða sem geta haft jákvæð fjárhagsleg áhrif á félagið.

Þegar ákvarðað er hvort fjárhagsleg áhætta eða tækifæri telst mikilvægt er annars vegar litið til hugsanlegs fjárhagslegs umfangs og hins vegar til þess hversu líklegt sé að áhætta eða tækifæri raungerist. Við mat á fjárhagslegu umfangi raunlægrar áhættu í tengslum við loftslagsbreytingar er miðað við dekkri sviðsmyndir á borð við RCP8.5 sviðsmynd Millirikjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC), en við mat á umfangi umbreytingaráhættu er tekið mið af sviðsmynd þar sem þjóðir heimsins halda sig við 1,5 gráðu markmið Parísarsamkomulagsins. Mat á líkindum tekur svo aftur á móti mið af núverandi aðstæðum og yfirlýstri stefnu stjórnvalda.

Við mat á mikilvægi fjárhagslegrar áhættu eða tækifæra er einkunn gefin í samræmi við eftirfarandi töflu:

Matsþáttur	1 – Óverulegt / Á ekki við	2 - Lágt	3 – Miðlungs	4 – Hátt	5 – Mjög hátt
Fjárhagslegt umfang	Áætluð áhrif á tekjur eru <1%, áhrif á árlegan rekstrarkostnað <1,5%, aukinn fjárfestingakostnaður <0,5 milljarðar og/eða hverfandi áhrif á áhuga fjárfesta, aðgang að lánsfjármagni og lánaðkjör.	Áætluð áhrif á tekjur eru 1-3%, áhrif á árlegan rekstrarkostnað 1,5-5%, aukinn fjárfestingakostnaður 0,5-2 milljarðar og/eða lítil áhrif á áhuga fjárfesta, aðgang að lánsfjármagni og lánaðkjör.	Áætluð áhrif á tekjur eru 3-6%, áhrif á árlegan rekstrarkostnað 5-10%, aukinn fjárfestingakostnaður 2-4 milljarðar og/eða nokkur áhrif á áhuga fjárfesta, aðgang að lánsfjármagni og lánaðkjör.	Áætluð áhrif á tekjur eru 6-10%, áhrif á árlegan rekstrarkostnað 10-15%, aukinn fjárfestingakostnaður 4-7 milljarðar og/eða mikil áhrif á áhuga fjárfesta, aðgang að lánsfjármagni og lánaðkjör.	Áætluð áhrif á tekjur eru >10%, áhrif á árlegan rekstrarkostnað >15%, aukinn fjárfestingakostnaður >7 milljarðar og/eða mjög mikil áhrif á áhuga fjárfesta, aðgang að lánsfjármagni og lánaðkjör.
Líkindi	Mjög ólíklegt	Frekar ólíklegt	Nokkuð líklegt	Mjög líklegt	Fullvisst / Þegar komin fram

Niðurstaða um mikilvægi fjárhagslegrar áhættu eða tækifæris er fengin með því að margfalda einkunn fyrir fjárhagslegt umfang með einkunn fyrir líkindi.

Eftirfarandi einkunnaviðmið voru notuð til þess að ákvarða mikilvægi: **Óverulegt/Á ekki við (0-5), Lágt (6-10), Miðlungs (11-15), Hátt (16-20) og Mjög hátt (21-25).**

**Undantekning:** Sé fjárhagslegri áhættu gefin einkunn fyrir fjárhagslegt umfang sem námundast að 5 telst áhættan mikilvæg burtséð frá líkindamati.